



Öryggisleiðbeiningar (MSDS)

Samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999 og tilskipunum 91/155/EEC og 93/112/EEC.

1. Söluheiti efnis eða vörutegundar. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.

Söluheiti vöru: **FORMALDEHÝÐ 37%**

Dreifingaraðili: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Öryggisleiðbeiningar: EFNAVERND, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eitrunarupplýsingastöð Landspítala, Fossvogi, Reykjavík: sími 525 1111

2. Samsetning / upplýsingar um innihald.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnahæiti:	Styrkur %:	Hættuflokkun:
50-00-0	200-001-8	Formaldehýð	30 - 100	T H23/24/25-34-40-43
67-56-1	200-659-6	Metanól	5 - 15	T, F H11-23/24/25-39/23/24/25

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

3. Varúðarupplýsingar.

Eitrað við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Ætandi. Hætta á alvarlegu varanlegu heilsutjóni við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð. Getur hugsanlega valdið krabbameini.



4. Skyndihjálp.

Almennt:	Súrefni (100%) þarf að vera tiltækt til fyrstu hjálpar vegna eitrunar af völdum efnisins. Fjarlægjið ekki öndunartæki fyrr en mengaður fatnaður hefur verið fjarlægður. Eitrunareinkenni geta komið fram mörgum tímum eftir snertingu við efnið. Slasaði þarf því að vera undir lækisefirliti í a.m.k. 48 klst. eftir slys.
Við innöndun:	Flytjið slasaða strax í ferskt loft og látið hann liggja útaf. Leitið lækni. Ef slasaði á erfitt með öndun eða hún hefur stöðvast, veitið öndunarhjálp og/eða gefið súrefni. Ef slasaði er meðvitundarlaus skal leggja hann í læsta hliðarstillingu fyrir flutning á sjúkrahús. Tryggið að öndunarvegir séu opnir.
Snerting við húð:	Farið strax úr fötum sem mengast af efninu og þvoið húðina með miklu vatni og sápu og skolið vandlega. Leitið lækni.
Snerting við augu:	Skolið vandlega með nægu vatni í nokkrar mínútur með augað vel opið. Fjarlægjið kontaktlinur meðan á skolun stendur. Leitið lækni.
Við inntöku:	Framkallið EKKI uppköst. Leitið umsvifalaust lækni. Skolið munn og háls með vatni. Drekið mikið af vatni og farið í hreint loft.
Upplýsingar f. lækna:	Hætta er á lungnabjúg (pulmonary oedema) eða lungnabólgu ef efnið kemst í öndunarvegi við inntöku eða uppköst. Erting í lungum meðhöndlist fyrst með Dexametason úða.

5. Bruni / aðferðir við að slökkva eld.

Efni/aðferðir: Heppileg slökkviefni eru kolsýra, duft eða vatnsúði. Notið vatnsúða eða alkóhólþolna froðu á stærri elda.

Sérstök hættu: Við hita eða bruna myndast eittraðar gufur/gastegundir.

6. Efnaleki.

Notið viðeigandi persónuhlífar við hreinsunarstörf. Haldið óviðkomandi frá hættusvæðinu. Hindrið myndun á eitruðu gasi/gufu/úða með vatnsúða. Látið efnið ekki berast í niðurföll, vötn eða grunnvatn. Varist leka í kjallara eða önnur lágt liggjandi rými.

Hlutleysið efnið og notið sand, jarðveg, sag eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta það og hreinsa upp. Látið í viðeigandi og merkt flát til förgunar; sjá lið 13.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Meðhöndlun: Vinnusvæði þarf að vera vel loftræst og eftir atvikum búið sérstöku afsogi. Notið persónuhlífar skv. lið 8 við meðhöndlun efnisins. Meðhöndlið og opnið umbúðir með varúð. Forðist snertingu við augu og húð. Viðeigandi öndunartæki þurfa að vera tiltæk.

Geymsla: Geymist í vel lokuðum umbúðum á köldum stað með gufugleypi eða í stinkskáp. Geymið ekki með oxunarmiðlum eða sýrum. Æskilegt geymsluhitastig er 10 - 25°C.

8. Eftirlit með mengun / persónulegur hlífðarbúnaður.

Tæknilegar aðgerðir: Vinnusvæði þarf að vera vel loftræst og eftir atvikum búið sérstöku afsogi. Viðeigandi öndunartæki þurfa að vera tiltæk.

<i>Mengunarmörk:</i>	Formaldehýð	(MG)	0,3 ppm	0,4 mg/m ³
		(PG)	1 ppm	1,2 mg/m ³
	Metanól	(MG)	200 ppm	250 mg/m ³

Persónuhlífar;

Öndunargrímur: Þar sem mengun er lítil eða unnið er með efnið í stuttan tíma er nægilegt að nota öndunargrímu með viðeigandi síu. Notið ferskloftstæki ef unnið er með efnið í lengri tíma eða ef hættu er á að mengun fari yfir mengunarmörk.

Fyrir augu: Vel lokuð öryggisgleraugu.

Fyrir hendur: Hlífðarhanskar úr gúmmí.

Fyrir húð: Viðeigandi hlífðarfátnaður. Geymið hlífðarfátnað sér.

Hreinlæti við vinnu: Farið strax úr fötum sem mengast af efninu. Þvoiid hendur áður en matast er eða drukkið og eftir vinnu. Haldið efninu fjarri öllum neysluvörum. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

<i>Ástand / útlit / lykt:</i>	Vökvi / litlaus / stingandi
<i>Sýrustig (pH):</i>	3 - 4 (400 g/l) við 20°C
<i>Bræðslumark:</i>	< -15°C
<i>Suðumark:</i>	93 - 96°C
<i>Blossamark:</i>	73°C DIN 51 758
<i>Hætta á sjálfíkveikju:</i>	Ekki er hættu á sjálfíkveikju.
<i>Íkveikimörk:</i>	380°C DIN 51 794
<i>Sprengimörk; neðri - efri:</i>	7,0 - 73,0. Efnið er ekki sprengifimt.

<i>Eldnærandi eiginleikar:</i>	-				
<i>Gufuþrýstingur:</i>	5,2 mbör	við 40°C			
<i>Seigja:</i>	3 mPa.s	við 20°C			
<i>Eðlisþyngd:</i>	1,09 g/sm ³	við 20°C	DIN 51 757		
<i>Leysni:</i>	Blandast vatni vel.				
10. Stöðugleiki og hvarfgirni.					
<i>Stöðugleiki:</i>	Efnið er stöðugt við rétta meðhöndlun og geymslu.				
<i>Aðstæður sem skal forðast:</i>	Hvarfast kröftuglega við sterkar sýrur og basa og við oxunarmiðla.				
<i>Efni sem skal varast:</i>	Sýrur, basar, oxunarmiðlar.				
<i>Hættuleg niðurbrotsefni:</i>	CO ₂ og vetni. Myndar vetni hægt við stofuhita en vetnismyndun eykst við aukinn hita.				
11. Eiturfræðilegar upplýsingar.					
<i>Almennt:</i>	Efnið er eitrad, ætandi og ertandi.				
<i>Við innöndun:</i>	Eitrad og ætandi í snertingu við slímhúðir.				
<i>Snerting við húð:</i>	Ætandi. Getur valdið ofnæmi.				
<i>Snerting við augu:</i>	Mjög ætandi.				
<i>Við inntöku:</i>	Eitrad. Veldur einnig ætingu í munn, hálsi, vélinda og maga. Hætta á að göt myndist á vélinda og maga.				
<i>Bráð eiturhrif:</i>	Formaldehýð:	LD50 (inntaka, rottur):	> 200 mg/kg		
	Metanól:	LD50 (inntaka, rottur):	13000 mg/kg		
<i>Langtímaáhrif:</i>	Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð. Getur valdið skemmdum á lifur og nýrum.				
12. Hættur gagnvart umhverfinu.					
<i>Almennt:</i>	Látið efnið ekki berast í niðurföll, vatn eða jarðveg þar sem það getur spillt grunnvatni. Jafnvel lítið magn efnisins getur spillt grunnvatni/neysluvatni.				
<i>Hegðun í umhverfinu:</i>	Brotnar illa niður lífrænt.				
<i>Líffræðileg áhrif:</i>	-				
<i>Aðrar vistfræðilegar uppl.:</i>	-				
13. Förgun.					
<i>Förgun vörunnar:</i>	Endurvinnið ef hægt er. Notað efni og skemmt, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni. Má ekki farga með heimilissorpi.				
<i>Förgun umbúða:</i>	Menguðum umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennu sorpi, ef annað kemur ekki fram í reglum.				
14. Flutningur.					
<i>Flutningur á landi:</i>	ADR/RID flokkur:	8	UN-nr.:	2209	Númer og bókstafur: -
	Nafn efnis:	FORMALDEHYDE SOLUTION			
	Varúðarmerki:	8	Hættunr.:	80	Pökkunarflokkur: III
<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG flokkur:	8	UN-nr.:	2209	Pökkunarflokkur: III
	Ems:	8-07	MFAG:	-	
	Nafn efnis:	FORMALDEHYDE SOLUTION			
	Varúðarmerki:	8	Sjávarmengandi:	nei	

Flutningur í lofti: ICAO/IATA flokkur: 8 UN-nr.: 2209 Pökkunarflokkur: III
 Nafn efnis: FORMALDEHYDE SOLUTION
 Varúðarmerki: 8

Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.

Varnaðarmerkingar skv. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB:



Varnaðarmerki: T

Inniheldur: Formaldehyð 37% EB-nr.: 200-001-8
 Metanól 200-659-6

H - setningar: H23/24/25 Eitrað við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku.
 H34 Ætandi.
 H40 Getur hugsanlega valdið krabbameini.
 H43 Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð.
 H68/20/21/22 Hættulegt; getur valdið varanlegu heilsutjóni við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku.

V - setningar: V26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.
 V36/37/39 Notið viðeigandi hlífðarfatnað, hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu.
 V45 Leitið umsvifalaust læknis ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er.
 V51 Má aðeins nota á vel loftræstum stað.
 (V1/2) GEYMIST Á LÆSTUM STAÐ ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

EB-merkimiði.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:

Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar.

Gert þann:: 03-03-03 Dagsetning frumrits: 21-10-02

Breytt þann: - Breyttir liðir: -

Gert fyrir: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Unnið af: EFNAVERND, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130 / FF

Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:

H11 Mjög eldfimt.
 H23/24/25 Eitrað við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku.
 H34 Ætandi.
 H39/23/24/25 Eitrað: hætta á alvarlegu varanlegu heilsutjóni við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku.
 H40 Getur hugsanlega valdið krabbameini.

H43 Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð.
H68/20/21/22 Hættulegt; getur valdið varanlegu heilsutjóni við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku.

Annad: Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á þeirri vitneskju sem fyrir liggur um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisleiðbeiningarnar eru gerðar en fela ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru unnar eftir MSDS frá EPENHUYSEN CHEMIE N.V., 3336 LH Zwijndrecht, Holland.